

vaxtabréfum, jarðræktarbréfum, eða á öðrum jafn tryggum stað, að dómi sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ber sjóðstjórnnum að færa sérstaka bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins, og færa í hana ársreikning hans. Skal sjóðstjórnin halda reikningshaldi sjóðsins aðskildu frá reikningum hreppsins. 120
26. nóv.

6. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal sendur endurskoðanda sveitarsjóðsreikninganna til endurskoðunar, ásamt hreppsreikningi, og síðan sýslunefnd Norður-Múlasýslu til samþykktar og birtingar í sýslufundargerðinni. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

7. gr.

Sjóðstjórnin haldi sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, tillögur sjóðstjórnar um framlög úr sjóðnum, samþykktir hreppsfunda og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Eigi má veita framlög úr sjóðnum til vegabóta í hreppnum, nema tillögur þar um, hvort heldur frá sjóðstjórn eða öðrum, hafi verið bornar upp á almennum lögmetum hreppsfundi og samþykktar þar.

9. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf samþykki lögmeats hreppsfundar Fellahrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og konungsstaðfestingu.

Sjóðinn má leggja niður, að fengnu samþykki hreppsfundar Fellshrepps, sýslunefndar Norður-Múlasýslu og stjórnarráðsins.

10. gr.

Leita skal samþykkis sýslunefndar Norður-Múlasýslu á skipulagsskrá þessari, og konungsstaðfestingar á henni.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi 14. apríl árið 1936.

Í HREPPSNEFND FELLAHREPPS

Einar Einarsson. Hallgrímur Ólafsson. Gunnlaugur Eiríksson.

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Múlasýslu, 27. maí 1937.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930. 121
28. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 1 13. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Á eftir „ósæmilegum orðum“ í 2. málslíð 1. mgr. 7. greinar komi: vera áberandi ölvaður.

2. mgr. falli burtu.

121

28. nóv.

Í stað 1. mgr. 12. greinar komi:

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem taldar eru í þessari grein.

Íslenskar afurðir, aðrar en fisk, getur bæjarráð, að fengnu álitu heilbrigðisnefndar, heimilað að selja á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrir mæli um verzlunarleifyi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu, að slík leifyi séu veitt. Skal leifyi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða, og er því heimilt að setja fyrir leifyfinu þau skilyrði, er það telur nauðsynlegt, vegna hreinlætis og annars.

Um sölu á fiski eru settar sérstakar reglur.

Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leifyi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra.

3. gr.

Á eftir orðinu „bifreiðar“ í 16. gr. komi: reiðhjól.

4. gr.

Aftan við 1. málslið 17. gr. komi:

Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp föst auglýsingaspjöld, eða aðrar varanlegar auglýsingar, svo sem ljósaauglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.

5. gr.

Við 18. gr. bætist:

Gluggaþvott má ekki framkvæma síðar en kl. 10 árdegis og ekki nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu eða getur valdið truflun á umferð á annan hátt. Í götubrunna og göturæsi má ekki hella gólfskolpi né öðrum óhreinindum, sem saurga götuna.

6. gr.

19. gr. orðist þannig:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 20, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

7. gr.

Í stað orðanna „boðum eða bendingum“ í 2. málslið 1. mgr. 28. greinar komi: boðum, bendingum eða umferðarmerkjum.

Aftan við 1. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðarmerkja, hvernig þeim skuli komið fyrir og þýðingu þeirra. Skal lögreglustjóri gefa út nauðsynlegar skýringar á umferðarmerkjum, og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu, en auglýsingu þeirra að öðru leyti hagar hann eftir því, sem hann telur þörf.

8. gr.

121

Á eftir „gangandi mönnum“ í 1. málslið 29. gr. komi: og mega menn ekki halda þar kyrru fyrir eða staðnæmst þar til langframa, svo truflun valdi.

28. nóv.

Aftan við greinina bætist:

Ef fótgangandi vegfarendur fara yfir götuna, skulu þeir fara beina stefnu yfir þvera götuna, og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská milli horna. Þar sem gangbrautir eru markaðar yfir götur við gatnamót eða annarsstaðar, er fótgangandi vegfarendum skylt að fara eftir þeim innan markalína þeirra. Vegfarendum er óheimilt að láta fyrir berast á götum eða stígum, lengur en nauðsyn krefur til þess að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt þótt umferð sé engin samtímis á sama eða nærliggjandi svæði.

Við gangbrautir skulu bifreiðastjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð framundan ökutækinu eða á leið í veg fyrir það. Ennfremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilega færiss að komast yfir götu eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbraut, nema nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

9. gr.

2. mgr. 36. gr. orðist þannig:

Bifreiðastjórar, sem aka bifreið, er ekki hefir umgetin tæki, svo og vagnstjórar, ríðandi menn og hjólreiðarmenn, skulu gefa merki, er þeir breyta stefnu, nema staðar eða draga verulega úr ferð. Skulu bifreiðastjórar rétta þá hönd sína, sem nær er miðju bifreiðarinnar, til hægri eða vinstri, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta sömu hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð eða stöðva. Aðrir ökumenn, ríðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það.

10. gr.

40. gr. orðist svo:

Þegar talað er um bifreið í þessari samþykkt, er átt við ökutæki, sem samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma telst til bifreiða.

11. gr.

Í upphafi 41. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefir samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin, eða, ef aðstaður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

1. mgr. 42. gr. orðist svo:

Um gerð bifreiða fer eftir þeim lögum og öðrum reglum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Aftan við 1. málslíð 2. mgr. komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Ákvæði þessi koma eigi til framkvæmda, fyrr en bæjarstjórn, að fengnum tillögum lögreglustjóra, ákveður.

Á eftir orðunum „sterk“ í síðustu mgr. komi: né þannig stillt.

Í stað „R. E.“ í 1. mgr. 44. gr. komi: R.

2. og 3. mgr. falli burtu.

Orðin „sé fullra — og“ í 1. mgr. 45. gr. falli burtu.

Í stað „18“ í 1. mgr. 46. gr. komi: 25.

1.—3. mgr. 48. gr. falli burtu.

Við síðustu mgr. 48. gr., sem verður 1. mgr., bætist:

Bifreiðastjórnar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

Í stað „18“ í d-lið 1. mgr. 50. greinar komi: 25.

Á eftir e-lið í 1. mgr. sömu greinar komi nýr liður svo hljóðandi:

f. Enginn má aka reiðhjóli, ef hann, sakir áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum, er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.

2. mgr. sömu greinar orðist svo:

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Ennfremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem er yngri en 14 ára.

Á eftir f-lið sömu greinar komi liður svo hljóðandi:

g. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu, skuli skrásetja hjá lögreglustjóra og merkja samkvæmt reglum, er bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Skal í þessum reglum ákveðið allt fyrirkomulag skrásetningarinnar og merkjanna, og hvaða gjald eigandi (umráðamaður) reiðhjóls skuli greiða fyrir skrásetningu þess og einkenni. Ákvörðun bæjarstjórnar og reglur þessar skal lögreglustjóri birta í Lögbirtingablaðinu.

2. mgr. 79. greinar falli burtu.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. nóvember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.